

Auglýsing um framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.10 *Almenningssamgöngur milli byggða*. Markmiðið er að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna milli byggða, m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningssamgöngur.

Til ráðstöfunar verða allt að 20 m.kr. Styrkupp hæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni og miða skal við að verkefnum verði lokið fyrir árslok 2024.

Í forgangi verða verkefni sem styðja við þróun leiðarkerfis, m.a. með samþættingu við aðra þjónustu eða breytingum á rekstrarformi.

Veitt verða framlög til verkefna:

- Sem nýtast einstökum svæðum, s.s. atvinnu- og þjónustusóknarsvæði.
- Sem nýtast landshlutanum í heild.
- Sem nýtast landinu öllu.

Við forgangsöröðun umsókna verður litið til verkefna sem styðja við:

- [Ferðumst saman](#). Heildarstefnu í almenningssamgöngum milli byggða.
- Byggðasjónarmið og áherslur sem fram koma í [stefnumótandi byggðaaætlun](#).
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á væntum áhrifum verkefnisins m.t.t. aðgengis íbúa, notkunar þjónustunnar, varanleika eftir að verkefni lýkur eða annarra þátta sem stuðla að bættum almenningssamgöngum.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlag vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir því í umsókn.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti miðvikudagsins 26. apríl 2023.

Þriggja manna valnefnd gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála og reglna um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli byggðaaætlunar. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í júní 2023.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Árni Freyr Stefánsson í innviðaráðuneytinu.